



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélag KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórnar

Reykjavík, 17. desember 2010

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 16. desember breytingar á reglugerðum KSÍ. Um er að ræða breytingar á reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini annars vegar og hins vegar breytingu á reglugerð KSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

Breytingar eru eftirfarandi:

*Reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini.
(yfírstrikað fellur út, skáletrað rautt er nýr texti)*

2. grein – Réttthafar skírteina

2.2. Aðgönguskírteini A skal gefið út til lands-, héraðs- og unglíngadómarar, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. ~~Einnig skulu þeir sem lokið hafa dómaraþrófi og eru á fyrsta ári fá aðgönguskírteini A.~~ *Unglíngadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini A að loknum 10 störfum.*

Greinargerð:

Í breytingunni felst að dómaraþrófi unglíngadómarar þurfa jafnframt að ljúka a.m.k. 10 störfum áður en aðgönguskírteini A er gefið út á viðkomandi en áður fengu unglíngadómarar á fyrsta ári afhent aðgönguskírteini A að loknu þrófi.

4. grein – Landsdómarar

4.1. Landsdómari getur hver sá orðið, sem tilnefndur er af dómara nefnd KSÍ, hefur starfað sem héraðsdómari síðastliðin 2 ár og sannar hæfni sína í verki með því að dæma að minnsta kosti 1 leik að viðstöddum fulltrúa dómara nefndar KSÍ.

4.2. Dómara nefnd KSÍ velur árlega deildardómara úr hópi landsdómara og skulu þeir einir dæma leiki í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla, Pepsi-deild kvenna, Meistarakeppni KSÍ, bikarkeppnum meistaraflokka karla (aðalkeppni) og kvenna (frá og með 8 liða úrslitum) og úrslitaleiki í landsmótum og bikarkeppnum KSÍ.

4.3. — Deildardómurum skal skipt í eftirfarandi þrjá flokka:

~~Landsdómarar A~~

~~Landsdómarar í A-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma alla leiki í Pepsi-deild karla og alla leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu.~~

~~Landsdómarar B~~

~~Landsdómarar í B-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ, nema leiki í Pepsi-deild karla og leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma meginhluta leikja í 1. deild karla. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu.~~

~~Landsdómarar C~~

~~Landsdómarar í C-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ, nema leiki í Pepsi-deild og 1. deild karla og leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu dæma meginhluta leikja í 2. deild karla og Pepsi-deild kvenna, auk leikja í 3. deild karla ásamt öðrum störfum. Þeir skulu annast að minnsta kosti 20 störf á keppnistímabilinu.~~

4.4. Dómara nefnd velur einnig sérhæfða aðstoðardómara úr hópi landsdómara. Þeir skulu starfa oftast sem aðstoðardómarar en sem dómara. ~~og skulu flokkaðir sem landsdómarar A, B og C.~~ Þeir hafa einnig rétt til að dæma alla leiki nema í Pepsi-deild og 1. deild karla.

4.5. Landsdómarar í flokki A, B og C (~~deildardómarar~~) skulu gangast undir og standast skriflegt próf í dómarafræðum og sérstakt þolpróf dómara nefndar KSÍ.

Greinargerð:

Í breytingunni felst að dómara verða ekki lengur flokkaðir niður í A, B og C dómara heldur verður einungis um einn hóp deildardómara að ræða sem dómara nefnd velur.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ